

Nd.

404. Breytingartillögur

við frv. til l. um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Héðni Valdimarssyni.

1. Við 10. gr. h. Önnur málsgrein orðist svo:

Tap, sem verður á atvinnurekstri félaga eða einstaklinga, má flytja á milli ára um tvenn áramót og draga frá skattskyldum tekjum, þar til það er að fullu greitt, enda hafi verið gerð fullnægjandi grein fyrir tapinu á framtali til tekju- og eignarskatts fyrir það ár, þegar tapið varð, og ekki sé úthlutað arði til hluthafa á því tímabili, fyrr en félagið hefir unnið upp tapið.

2. Við 19. gr.

a. d.-liður orðist svo:

Verzlunarvörur skal meta eftir því, hvað þær kosta komnar í hús eða á sölustað í árslok, enda séu hæfileg afföll leyfð á gölluðum eða úreltum vörum.

h. e.-liður orðist svo:

Hlutabréf skulu talin með söluverði á árinu, ef raunveruleg sala hlutabréfa hefir átt sér stað á árinu milli óskyldra gegn staðgreiðslu á minnst 2% af hlutafénu, en annars metin með áætluðu söluverði, og skal þá hafa hliðsjón af síðustu hlutabréfasölu, arðsúthlutunum og efnahagsreikningi félagsins í árslok.

Skuldabréf og önnur slík verðbréf skal meta eftir nafnverði, nema sérstakar ástæður þyki til, að þau þyki ótrygg. Þó skulu veðdeildarbréf og skuldabréf hins opinbera metin eftir venjulegu söluverði slíkra bréfa í árslok, ef það er vitað.